



# Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanefnd

## FUNDUR - 10. ágúst 2005

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanefnd miðvikudaginn, 10. ágúst 2005 kl. 18:00 í Grunnskólanum á Blönduósi. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Upphaf skólstarfs (starfsmannamál og fl.).
2. Skólamáltíðir.
3. Gjaldskrá skóladagheimilis.
4. Önnur mál.

Formaður, Margrét Einarsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Gaf hún skólastjóra orðið.

### Afgreiðslur:

1. Helgi kynnti að engar umsóknir hefðu borist í kennarastöður en umsóknarfrestur rann út 5. ágúst sl. Því leggur Helgi til að Jófríður Jónsdóttir verði ráðin í hálf starf, Ingibjörg Aadnegard í fullt starf og Kristín Júlíusdóttir sem stundakennari, var það samþykkt. Kennarar koma til starfa nk. mánudag, byrjað er á námskeiði í verk- og listgreinum undir yfirskriftinni "Leiklist í skólstarfi" og munu allir kennarar skólans sækja námskeiðið. Skólasetning fer fram í Blönduósskirkju mánudaginn 22. ágúst kl. 11,00.
2. Skólamáltíðir. Formaður kynnti að rekstraraðilar Blönduskálans hafa sagt upp samningi við Blönduóssbæ varðandi sölu á skólamáltíðum. Auglýst er eftir umsóknum og rennur sá frestur út 23. ágúst nk.
3. Gjaldskrá skóladagheimilis. Nokkrar umræður voru um gjaldskrá skóladagheimilisins og lögð er fram tillaga að gjaldskrá, sjá fylgiskjal. Einnig er lagt til að tekinn verði upp systkinaafsláttur í samræmi við leikskólann.
4. Önnur mál.  
Skólastjóri kynnti að nýtt símakerfi hefur verið tekið í notkun – og að keypt hefðu verið ný húsgögn í eina stofu, 10 borð og stólar. Einnig er verið að uppfæra vefsíðu skólans. Haldið var frumkvöðlanámskeið á vegum Impru fyrir starfsmenn Vinnuskólans á aldrinum 13-15 ára hér í grunnskólanum, hugmyndin var að stofna fyrirtæki og ætla sér raunhæft markmið og framtíðarsýn og kynna hana. 5 hópar tóku þátt í námskeiðinu og þóttu standa sig framúrskarandi vel og komu fram margar góðar hugmyndir. Formaður kynnti að verið er að ganga frá ráðningu í stöður sem auglýst var eftir í leikskólanum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40

Margrét Einarsdóttir  
Gísli Guðmundsson  
Hanna Jörgensen  
Nína Margrét Pálmadóttir  
Helgi Amarson, skólastjóri  
Þórhalla Guðbjartsdóttir, aðst.skólastjóri  
Berglind Björnsdóttir, fulltrúi kennara

Jakobína Halldórsdóttir

